

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 820/2007 um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að nota kjötmjöl og tólg í fóður fyrir loðdýr, sem í eru aukaafurðir úr 2. áhættuflokki, enda falli þær ekki undir a-, c-, d-, g-, i- eða k-lið 4. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin er sett með hliðsjón af reglugerðum nr. 999/2001/EB og nr. 1774/2002/EB.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 8. júlí 2008.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Arnór Snæbjörnsson.